



**Ávarp
forseta Íslands
Höllu Tómasdóttur
við afhendingu
viðurkenningar Barnaheilla**

Reykjavík, 20. nóvember 2024

Kæru börn – og þið öll sem látið ykkur málefni barna varða.

Við komum hér saman í dag á afmælisdegi barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, en sáttmálinn var leiddur í lög hér á landi fyrir 11 árum.

Í tilefni dagsins heiðrum við og veitum verðskuldaðar viðurkenningar til fólks sem leggur sérstaklega mikið á sig til að sinna velferð barna. Velferð barna og ungs fólks á að vera forgangsmál hvers samfélags, því hvað er mikilvægara en að börnunum okkar líði vel og að við tryggjum að þau búi við frið og öryggi, njóti heilbrigðis, menntunar og þeirrar umhyggju og alúðar sem börnum er lífsnauðsynleg?

Ég er ákaflega þakklát fyrir forystu Barnaheilla í málefnum barna og einnig fyrir að búa í samfélagi þar sem réttindi barna eru almennt vel varin. Við Íslendingar búum í velferðarsamfélagi og njótum lífsgæða og öryggis umfram marga aðra. En síðustu misserin höfum við engu að síður kynnst þeirri áskorun sem börn og aðstandendur þeirra standa frammi fyrir þegar óvæntar náttúruhamfarir ganga yfir og gera það að verkum að saklaus börn missa óvænt heimili sín og samfélag. Málið stendur mér og mínum nærri, því maðurinn minn var alinn upp í Grindavík – við öryggi í öflugum samfélagi. Á einni nóttu breyttist veruleiki Grindvíkinga – en slíkt er í vaxandi mæli staðreynd fyrir börn og foreldra þeirra um allan heim. Það er ekki einfalt að setja sig í spor Grindvíkinga, né í spor þeirra sem eru fórnarlömb stríðandi fylkinga, loftslagsbreytinga, uppskerubrests, náttúruhamfara og annars mótlætis. En það er mikilvægt að við reynum að gera það. Að við mætum þessum áskorunum hér heima, og í heiminum, með mennsku og setjum ávallt stöðu barna í forgang.

Þar er fólk eins og Kári og amma Andrea sérlega góðar fyrirmyndir. Þau mæta til leiks í hörðum heimi með mýkt og mennsku að leiðarljósi. Óþreytandi opna þau arminn og styðja við börn og ungmenni sem þurfa á þeim að halda. Þau taka utan um þau sem kerfið bregst – og gera allt sem í þeirra valdi stendur til að bæta stöðu þeirra, efla tengsl þeirra við aðra, hjálpa þeim að tilheyra og gefa þeim tilgang. Þetta eru grunnþarfir okkar allra, og njóti börn ekki slíks, getur það háð þeim allt lífið.

Undanfarin ár sjáum við sífellt fleiri merki þess að ungu fólki líði ekki nógu vel og eigi æ erfiðara með að horfa með bjartsýni, trú og von til framtíðar. Í sí tengdum heimi hefur alvarlegt tengslarof átt sér stað. Vanlíðan, kvíði, þunglyndi, ofbeldi og einmanaleiki hafa farið hratt vaxandi. Hér verður ekki horft fram hjá þeim áhrifum sem snjalltæki og samfélagsmiðlar hafa og þeirri staðreynd að við – fullorðna fólkið – höfum brugðist í að verja börnin okkar fyrir þeim skaðlegu áhrifum sem þessi þróun hefur haft á heilsu og andlega og samfélagslega líðan barna á öllum aldri. Ég hvet okkur sem hér erum til að horfa ekki lengur í gegnum fingur okkar hvað þessi áhrif varðar. Samfélagsmiðlar eru mögulega það fikniefni sem flestum börnum og ungmennum stendur hvað mest ógn af nú og nauðsynlegt er að setja einhver mörk um notkun þeirra ef stöðva á þessa ískyggilegu þróun.

Í því verkefni, og í öllum verkefnum, hvet ég okkur til að bjóða börnum og ungu fólki að móta ný viðmið og nýjar leikreglur með okkur. Það hefur reynst mér vel að brúa sem oftast kynslóðabilið þegar rætt er um áskoranir og tækifæri sem takast þarf á við. Eins og Kofi Annan, fyrrverandi aðalritari Sameinuðu þjóðanna, sagði oft: „Við erum aldrei of ung til að leiða, né of gömul til að læra.“ Kynslóðasamtal og samstarf hefur að mínu mati aldrei verið mikilvægara og er að mínu mati mikilvægt mótvægi við það óæskilega tengslarof sem hefur átt sér stað í okkar samfélagi. Þau Kári og amma Andrea brúa kynslóðabilið og bretta upp ermar til að gera gagn og láta gott af sér leiða. Við getum öll lært af þeim. Við getum öll verið Riddarar kærleikans!